Samantekt á brunavörnum hússins

(Textí til birtingar á aðaluppdráttum)

Forsendur brunavarna:

Brunavarnir í húsinu eru í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum eftir því sem við á miðað við hús sem byggt er fyrir gildistöku reglugerðarinnar. Í samræmi við gr. 9.2.5. staðfestist að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru rýra ekki brunavarnir hússins né hluta þess á neinn hátt.

Fjölbýlishúsið fellur undir notkunarflokk 3 en verslanir á 1. hæð og í kjallara undir notkunarflokk 1.

Brunavarnir eru unnar í samráði við Mannvit hf. Brunavarnir hússins eru hannaðar í samræmi við grein 9.2.2-a, þ.e. eingöngu á grundvelli ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Burðarþol burðarvirkis:

Í samræmi við töflur 9.10 og 9.11 í byggingarreglugerð skal burðarvirki hússins standast R90 brunamótstöðu. Burðarvirki efstu hæðar má vera R60 sbr. gr. 9.9.2. byggingarreglugerðar.

Brunahólfun:

Allar íbúðir eru sjálfstæð brunahólf með EI90 veggi milli íbúða og EI90 veggi að sameign en EI60 að stigahúsum. Hurðir inn í íbúðir verða EI₂30-CSm.

Sameiginlegir geymslugangar í kjöllurum verða í sérstökum brunahólfum. Tæknirými verða í sérstökum brunahólfum með EI60 veggjum. Tengsl stigahúss við kjallara er um EI₂60-CSm hurðir.

„Stigahús 1" í samræmi við gr. 9.3.4 í byggingarreglugerð verður í húsinu. Stigahúsið verður sjálfstætt brunahólf, EI60. Sett verður brunahólfandi hurð, E30-CSm milli stigahúss og íbúðagangs á 2. og 3 hæð.

Brunahólfun hússins er sýnd á aðaluppdráttum.

Hæðaskil eru REI90. Lóðrétt fjarlægð á milli óvarinna byggingarhluta á hæðaskilum skal vera a.m.k. 1,2 m nema þar sem útkragandi svalir eða E30 byggingarhlutar hindra lóðrétta útbreiðslu elds á milli hæða. Til að hindra láréttu útbreiðslu elds á milli íbúða þar sem fjarlægðir eru ekki í samræmi við töflu 9.08 í byggingarreglugerð 112/2014 verða settir E30 byggingarhlutar eins og aðaluppdráttur sýnir.

Flóttaleiðir:

Frá öllum íbúðum á annarri og þriðju hæð verða tvær óháðar flóttaleiðir, önnur út á gang sem leiðir til stigahúss eða út á svalir sem tengjast ganginum. Hin leiðin verður út á svalir viðkomandi íbúða. Flóttaleiðir frá 4. hæð hússins er út á opinn svalagang og þaðan inn í stigahús eða út á svalir viðkomandi íbúða. Stigar slökkviliðs ná til allra svala í húsinu.

Gert er ráð fyrir að hreyfihamlaðir sem ekki geta farið niður stiga af sjálfsdáðum bíði hjálpar í sínum íbúðum eða svölum. Ef reykur er í íbúð er gert ráð fyrir að hreyfihamlaðir geti beðið í stigahúsi.

Tvær óháðar flóttaleiðir eru jafnframt frá verslunum og geymslum í kjallara eins og aðaluppdráttur sýnir.

Klæðningar:

Allar loft og veggklæðningar innanhúss verða í flokki 1. og þakklæðningar í flokki Broof. Utanhússklæðningar verða í flokki 1 og festingar verða úr A-efnum.

Brunaviðvörunarkerfi:

Í húsið verða settir stakir reykskynjarar í samræmi við töflu 9.02 í byggingarreglugerð 112/2012 og grein 9.4.3. Stakir reykskynjarar með hljóðgjafa verða því í öllum íbúðum og öllum öðrum notkunareiningum.

Neyðarlýsing og út- ljós:

Neyðarlýsing, eftirálýsandi merkingar og ÚT-ljós verða í samræmi við byggingarreglugerð 112/2012, ÍST EN1838:1999, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar 160.BR3, og ISO 16069. Hér er átt við kjallara og 1. hæð hússins.

Neyðarlýsing verður í gangi fyrir framan íbúðir á 2 og 3. hæð.

Slökkvitæki og slöngukefli:

Handslökkvitæki skulu vera skv. gr. 9.4.4. í byggingarreglugerð og leiðbeiningum 165.BR1 og ÍST EN 3. Slökkvitæki skulu merkt og skulu skilti vera hæfilega stór miðað við mestu sjónfjarlægð í skiltin. Miða skal við að a.m.k. eitt handslökkvitæki, t.d. 6 L léttvatnstæki, sé í hverri íbúð, verslunareiningu, kjallara og eitt tæki á jarðhæð stigahúsa.

Reyklosun:

Reyklosun frá stigahúsi verður um dyr og glugga á stigahúsunum.

Reyklosun frá geymslurýmum í kjallara fjölbýlishússins verður um, dyr og sérstakar reyklúgur samtals a.m.k. 0,5% af grunnflatarmáli. Reyklúgur sem nýttar verða til reyklosunar verða hver um sig a.m.k. 0,25 m2 að flatarmáli.

Loftræsikerfi:

Brunavarnir í loftræsikerfum hússins verða hönnuð í samræmi við DS 428. Hvert baðherbergi er með sérstakan loftstokk án tengingar við baðherbergi í öðrum íbúðum og því er ekki hætta á að reykur dreifist um loftræsikerfi hússins á milli íbúða. Frá geymslu í kjallara verður bæði náttúrleg og vélræn loftræsing í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar.

Brunaþéttingar:

Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun til fyrirhugaðrar notkunar.

Aðkoma slökkviliðs

Aðkoma slökkviliðs er sýnd á afstöðumynd

Eigið eldvarnareftirlit og viðbragðsáætlun:

Um eigið eftirlit eiganda hússins gildir reglugerð 200/1994.

HLJÓÐVIST:
Þar sem um er að ræða breytingu á notkun mannvirkis að hluta til úr skrifstofuhúsnæði í íbúðir verður gætt að því að hljóðvist uppfylli kröfur byggingarreglugerðarinnar. Einnig verður gætt að því að hljóðvist bygginganna beggja uppfylli kröfur byggingarreglugerðarinnar að öðru leyti í samræmi við þá starfsemi sem gert er ráð fyrir í þeim rýmum.

Miðað er við að uppfylla leiðbeinandi gildi byggingarreglugerðarinnar um bæði lofthljóðeinangrun og högghljóðeinangrun.

KÓLUNARTÖLUR:

Strandgata 31 og 33, núverandi byggingar:

U-gildi W/m²K (hámarksgildi)	
Þak	0.20
Útveggur	0.40
Léttur útveggur	0.30
Útveggir (vegið meðaltal)	Engin krafa í samræmi við 13.3.3. gr. byggingarreglugerðar
Gluggar	2.0
Hurðir	3.0

Strandgata 31 og 33, nýbygging 4. Hæðar:

U-gildi W/m²K (hámarksgildi)	
Þak	0.20
Léttur útveggur	0.30
Útveggir (vegið meðaltal)	0.85
Gluggar	2.0
Hurðir	3.0

STÆRÐIR:

	m² (bruttó)	m³ (bruttó)
Kjallari	653.4	1742.2
Hæð 1	625.1	2557.1
Hæð 2	619.9	2088.2
Hæð 3	619.9	2341.4
Hæð 4 (nýbygging)	385.8	1188.0
Samtals	2904.1	9916.9

Brúttófermetrar Strandgötu 31 og 33 eru samtals 2579.3m² en brúttófermetrar Strandgötu 31-33 verða 2904.1m². Stækkunin nemur því 324.8m².

Núverandi þök og lyftuhús sem verða rifin eru samtals 578.1m². Heildarrúmmál inndreginna svala á 2. og 3. hæð er 187.8m³.
Því er heildaraukning rúmmáls 1188.0-(578.1+187.8)=422.1m³.

Stærð lóðar er 1013.5m². Heildarbrúttóflötur B-rýma er 81.1m². Heildarbrúttóflötur A- og B-rýma sem reiknast með nýtingarhlutfalli lóðar NF er því 2904.1+81.1=2985.2m² ofan- og neðanjarðar. Nýtingarhlutfall ofan- og neðanjarðar er NF=2.95.
Heildarbrúttóflötur A- og B-rýma ofanjarðar sem reiknast með nýtingarhlutfalli er 2985.2-653.4=2331.8m² og nýtingarhlutfall ofanjarðar er NF=2.30.

Fjöldi íbúða er 25 á 2., 3. og 4.hæð.
Verslunarrými eru á jarðhæð og eru fyrir almenna verslun.
Bílastæði á baklóð eru 13, þ.a. 1 fyrir hreyfihamlaða.
Sorp: 10 stk 660 lítra kör, þ.a. 6 - 7 stk kör fyrir 25 íbúðir og 3 - 4 blá kör.



GRUNNMYND 3. HÆÐAR

GRUNNMYND 2. HÆÐAR

Upprunalegir höfundar:
Strandgata 31: Sigurður Guðmundsson (1965)
Strandgata 33: Hákon Hertervig (1975)

Samþykkt þann
21 JAN 2015
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

NR.	DAGS.	ÚTGÁFUFERILL SKÝRINGAR	TEIKNAÐ AF	ÚTGEFIÐ AF

Öll mál í millimetrum, staðfærist áður en framkvæmdir hefjast. Mælið ekki af teikningum.
Misræmi í teikningum og önnur vafaatriði tilkynnist samræmingarhönnuðum strax.
Lesa skal teikningar með viðeigandi verkhjúsingum.

LYKILMYND

YRKI ARKITEKTAR ehf.
Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík Sími: +354 552 6629
Fax: +354 552 6649 Netfang: yrki@yrkis
Kt: 560997-3109

Ásdís H. Ágústsdóttir Arkitekt FAÍ
Sólveig Berg Arkitekt FAÍ

UNDIRRITUN HÖNNUNARSTJÓRA
Sólveig Berg

MANNVIT hf.
Kt. 430572-0169
Brunavarnir yfirfarnar
22.12.2014 GÞ

VERKKAUPI
CASULA EHF.

VERK
STRANDGATA 31-33
AÐALUPPDRÁTTUR

TEIKNING
BYGGINGARLÝSING (FRAMHALD)
GRUNNMYNDIR 2. OG 3. HÆÐAR

DAGSETN.	MKV.	TEIKNAÐ AF	ÚTGEFIÐ AF
17.12.14	1:100	SK	SK/ÁHÁ

VERK NR.	TEIKNING NR.	ÚTGÁFA
V221	B11	

22. 12. 2014
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS